



Skilmálar Landsbankans um færsluhirðingu

Landsbankinn hf. | Nr. 1546-03 | Janúar 2023

1. Almennt

Skilmálar Landsbankans um færsluhirðingu teljast hluti af samningi Landsbankans hf. (hér eftir nefndur: „Landsbankinn“, „bankinn“ eða „færsluhirðir“) og söluaðila um færsluhirðingu.

Bankinn getur hvenær sem er gert breytingar á skilmálum þessum einhliða og án fyrirvara. Breytingar á skilmálunum eru tilkynntar söluaðila með skilaboðum í netbanka, á þjónustuvef, með almennri tilkynningu á vefsvæði bankans eða með öðrum hætti sem bankinn ákveður.

Landsbankinn hefur leyfi alþjóðlegu kortafyrirtækjanna Visa International (hér eftir Visa) og Mastercard International (hér eftir Mastercard), hér eftir sameiginlega nefnt „kortafyrirtækin“ til að bjóða færsluhirðingu. Ekkert í samningi þessum veitir söluaðila sjálfstæðan rétt gagnvart kortafyrirtækjunum.

2. Skilgreiningar

Aðili að kortafyrirtækjunum Færsluhirðir eða útgefandi greiðslukorta sem starfar undir leyfi eins eða fleiri kortafyrirtækja.

Afgreiðslutæki	Hvers konar tæki eða hugbúnaður sem notað er til þess að móttaka greiðslu með greiðslukorti, þ.m.t. sölu- og afgreiðslukerfi, posi og tæki eða hugbúnaður til að móttaka rafrænar fjargreiðslur (netgreiðslur).
Endurgreiðsla	Færsla sem söluaðili gerir til leiðréttingar á fyrri færslu (upprunafærslu) í tengslum við endurgreiðslu til korthafa.
Endurkrafa	Færsla sem hefur verið mótmælt, að hluta eða öllu leyti, af korthafa eða kortaútgefanda. Kortafyrirtækin setja reglur um endurkröfur og meðferð endurkrafna. Söluaðili ber ábyrgð á að endurgreiða korthafa fjárhæð endurkröfu fyrir milligöngu færsluhirðis í gegnum kerfi kortafyrirtækjanna.
Fjölmerkt	kort/samstarfskort Kort sem ber tvö eða fleiri greiðsluvörumerki eða mismunandi greiðsluhugbúnað sama vörumerkis (e. co-badged cards). Við notkun fjölmerkts korts skal korthafi hafa val um greiðsluvörumerki eða greiðsluhugbúnað færslu.
Færsla	Yfirfærsla fjármuna af kortareikningi korthafa til söluaðila sem greiðsla fyrir vöru eða þjónustu. Færsla er gerð í samræmi við greiðslufyrirmæli korthafa. Færsla þarf m.a. að uppfylla eftirfarandi skilyrði a) færsla sé gerð vegna greiðslu fyrir vöru eða þjónustu sem veitt er af söluaðila sjálfum frá starfsstöð hans, b) vara eða þjónusta sem greitt er fyrir sé hluti af starfsemi söluaðila eins og henni var lýst í umsókn um samning um færsluhirðingu, c) færslan sem og aðferð við að veita vöru eða þjónustu sé í samræmi við lög, reglugerðir og reglur, þ.m.t. reglur kortafyrirtækjanna og d) færslan uppfylli öll skilyrði sem samningurinn gerir til færslu og til vöru og/eða þjónustu sem heimilt er að veita. Í samningnum er vísað til færslu sem síðar er ógild eða endurgreidd sem upprunafærslu.
Færsla án korts	Færsla þar sem hvort tveggja á við a) korthafi er ekki á staðnum og b) korti er ekki framvísað við greiðslu. Allar færslur þar sem ekki er lesinn örgjörvi korts, segulrönd eða notaður snertilaus búnaður korts, þ.m.t. netgreiðslur, símsala, og greiðslur gerðar í gegnum fjarskipti s.s. með veglyklum teljast vera færslur án korts.
Færsla með korti	Færsla þar sem korthafi er á sölustað og framvísar þar korti eða snjalltæki þar sem stuðst er við snertilausn (e. near field communication, NFC) þ.m.t. færsla á afgreiðslustað, færsla í hraðbanka, færsla sem gerð er með snjalltæki, snertilaus færsla með korti og færsla í sjálfsafgreiðslutækjum.
Færslukvittun	Kvittun sem gefin er út á pappír eða með rafrænum hætti sem staðfestir færslu vegna greiðslu korthafa eða endurgreiðslu til korthafa.
Gjöld	Öll gjöld og þóknanir sem söluaðila ber að greiða samkvæmt samningi og skilmálum þessum.

Greiðslustaður	Heimilisfang efnislegs athafnasvæðis söluaðila þar sem greiðsla er virkjuð. Þó gildir eftirfarandi a) ef um er að ræða fjarsölu eða fjarsölusamninga (þ.e. vefverslun) eins og skilgreint er í 7. lið 2. gr. tilskipunar 2011/83/ESB, skal greiðslustaðurinn vera heimilisfang fastrar starfsstöðvar þar sem söluaðilinn stundar starfsemi án tillits til staðsetningar vefsetursins eða netþjónsins þar sem greiðslan er virkjuð, b) ef söluaðilinn hefur ekki fasta starfsstöð skal greiðslustaðurinn vera heimilisfangið þar sem söluaðilinn hefur gilt starfsleyfi þar sem greiðslan er virkjuð, c) ef söluaðilinn hefur hvorki fasta starfsstöð né gilt starfsleyfi til viðskipta skal greiðslustaðurinn vera pósthafið vegna skattgreiðslna hans í tengslum við sölustarfsemi hans þar sem greiðslan er virkjuð.
Heimildarbeiðni	Aðgerð til að staðfesta að kort sé í gildi, það sé næg innstæða á kortareikningi korthafa, kortið sé opið og að fjárhæð sem er til greiðslu verði frátekin meðan heimildarsvar er í gildi. Jákvætt svar kortaútfanda við heimildarbeiðni er veitt með fyrirvara um mögulegan andmælarétt korthafa.
Heimildarmörk	Heimildarmörk er hámarksfjárhæð einstakrar færslu sem söluaðila er heimilt að senda inn án þess að hafa áður gert heimildarbeiðni. Heimildarmörk færslu eru kr. 0 (núll) nema um annað hafi sérstaklega verið samið.
Kort	Greiðslukort útgefið til korthafa í samræmi við reglur kortafyrirtækjanna, hvort sem er útgefið plastkort eða stafrænt kort (kortanúmer/token) í tæki.
Kortafyrirtækin	Visa, Mastercard og önnur alþjóðleg eða svæðisbundin kortafyrirtæki, sem hafa veitt Landsbankanum leyfi til að starfa undir þeirra merkjum sem færsluhirðir. Í samningnum er tilgreint það/pau kortafyrirtæki sem söluaðila er heimilt að móttaka kort frá.
Kortaútfandi	Aðili sem hefur leyfi kortafyrirtækjanna til útgáfu korta og gefur út kort til korthafa (hér eftir nefndur útfandi).
Korthafi	Einstaklingur eða lögaðili sem fær útgefið kort.
Kortareikningur	Reikningur sem er tengdur við kort viðkomandi korthafa.
Kortaupplýsingar	Kortanúmer eða kortareikningsnúmer (e. primary account number eða PAN), einkvæm númeraröð sem notuð er til að auðkenna kortareikning korthafa. PIN, öryggisnúmer og/eða aðrar upplýsingar sem finna má á örgjörva kortsins.
MCC	Fjögurra stafa talnaröð (e. merchant category code) sem er skilgreind af alþjóðlega staðlaráðinu (e. International Organization for Standardization) og er notuð er til að auðkenna atvinnugrein söluaðila.
Ólögmat/óheimiluð færsla	Með ólögmati/óheimilaðri færslu er m.a. átt við eftirfarandi: a) færslu sem er óréttmæt eða sem söluaðili veit eða mátti vita að sé sviksamleg eða hafi ekki verið heimiluð af korthafa, b) færslu þar sem raunverulegur seljandi vöru eða þjónustu er annar en söluaðili eða þar sem tilgangur færslu er að koma fé til annars aðila en söluaðila, c) færslu vegna vöru eða þjónustu sem brýtur í bága við lög eða reglur þ.m.t. reglur kortafyrirtækjanna, d) færslu vegna vöru eða þjónustu sem með einhverjum hætti samræmist ekki samningnum.
PCI DSS staðall	Alþjóðlegur upplýsingaöryggisstaðall Payment Card Industry Security Standards ráðsins (e. The Payment Card Industry (PCI) Data Security Standard (DSS)). Staðalinn eins og hann er á hverjum tíma má finna á vefsíðunni: http://www.pcisecuritystandards.org/ . Söluaðila ber að fara að þeim kröfum sem kveðið er á um í staðlinum.
Reglur kortafyrirtækjanna	Reglur og staðlar kortafyrirtækjanna, sem tengjast kortum og kortavörumerkjum. Reglur kortafyrirtækjanna eru aðgengilegar á vefsvæðum þeirra. Landsbankanum ber skylda til að tryggja að reglum og leiðbeiningum kortafyrirtækjanna sé fylgt.
Samningurinn	Samningur söluaðila við Landsbankann um færsluhirðingu, þ.m.t. skilmálar þessir, auk leiðbeininga, öryggistilmæla og tilmæla bankans sem söluaðila ber að fylgja í tengslum við færsluhirðingu.
Samningsnúmer	Númer samnings söluaðila sem er gefið út til aðgreiningar einstakra þátta í starfsemi söluaðila, s.s. afgreiðslustaða, aðferða við móttöku korta eða afgreiðslutækja. Öll samningsnúmer sem gefin eru út í tengslum við sama söluaðila vegna sömu starfsemi teljast hluti sama samnings.
Starfsstöð söluaðila	Staðsetning starfsstöðvar söluaðila þar með talið allar starfsstöðvar eins og þær eru tilgreindar í samningi um færsluhirðingu, viðauka við samning og/eða í kerfum Landsbankans samkvæmt upplýsingum söluaðila eða skilgreiningu bankans.
Uppgjörsfjárhæð	Andvirði allra færslna sem uppfylla skilyrði samnings þessa á uppgjörstímabili að frádregnum umsömdum gjöldum, þóknun, kostnaði, veltutryggingu og öðrum kröfum, þ.m.t. endurkröfum, sem Landsbankanum er heimilt að draga frá andvirði innsendra færslna, hvort sem er samkvæmt ákvæðum samningsins eða lögum.
Uppgjörsgdagur	Dagurinn þegar uppgjörsfjárhæð er greidd söluaðila í samræmi við ákvæði samningsins.
Uppgjörsmýnt	Gjaldmiðill sem færslur til söluaðila eru gerðar upp í.

Uppgjörstímabil	Tímabil sem ákvarðar hvenær einstaka færslur eru til uppgjors þ.e. við hvaða tímabil/dagafjölda skuli miða við í uppgjöri söluaðila.
Verðskrá	Verðskrá Landsbankans á hverjum tíma. Í verðskrá er að finna gjöld og þóknanir önnur en þau sem voru sérstaklega umsamin og tilgreind í samningnum. Verðskráin er aðgengileg á vefsíðu bankans og á afgreiðslustöðum.
Veltutrygging	Fjárhæð sem dregin er af uppgjöri söluaðila og stendur til tryggingar mögulegri skuld söluaðila við Landsbankann. Veltutrygging er varðveitt á sérgreindum reikningi og ber ekki vexti.
Viðmiðunarmörk	Viðmið sett af Landsbankanum um heimilað hlutfall, t.d. endurkrafna, endurgreiðslna eða sviksamlegra greiðslna af veltu söluaðila.
Söluaðili	Aðili sem hefur gert samning við Landsbankann um færsluhirðingu. Söluaðili getur verið lögaðili eða einstaklingur í rekstri sem selur vöru eða þjónustu
Vörumerki kortafyrirtækjanna	Einkaréttarlega varin samsetning nafns, merkis og litar sem notað er sem sjónrænt kennimark viðkomandi kortafyrirtækis, s.s. Visa og Mastercard.
Þjónustuaðili	Þjónustuveitandi sem samið hefur við söluaðila um vinnslu/vísun færslna eða aðra tækniþjónustu. Aðili sem m.a. þjónar söluaðila vegna afgreiðslutækja, vísun heimildarbeiðna, söfnun upplýsinga á rafrænu formi og skráavinnslu.
Öryggisnúmer (CVV/CVC)	Þriggja til fjögurra stafa númer prentað ýmist á bakhlið eða framhlið korts, notað til staðfestingar á því að kort sé í vörslu korthafa og að kort sé opið.
3-D Secure	Öryggisbúnaður kortafyrirtækjanna, s.s. "MasterCard SecureCode" og "Verified by Visa" sem er notaður til sannvottunar á korthafa.

3. Skyldur söluaðila í tengslum við samning um færsluhirðingu

Bankinn annast færsluhirðingu og uppgjör vegna allra lögmætra og gildra færslna. Það er á ábyrgð söluaðila að starfsfólk hans fari í öllu að ákvæðum samningsins.

Starfsemi söluaðila má ekki brjóta í bága við samninginn, aðra skilmála bankans, lög eða reglur, þ.m.t. reglur kortafyrirtækjanna.

Söluaðili skal veita bankanum, fulltrúum hans, lögboðnum eftirlitsaðilum og/eða fulltrúum kortafyrirtækjanna allan nauðsynlegan aðgang að starfsstöð sinni, þ.m.t. afgreiðslustöðum, upplýsingatæknikerfum, gögnum og öðru því sem nauðsynlegt er í tengslum við rannsókn, könnun eða reglubundið eftirlit sem byggir á lögum eða samningsskyldu söluaðila.

Söluaðila ber að verða við beiðni bankans um afhendingu upplýsinga sem bankanum ber að afla á grundvelli laga- eða samningsskyldna, s.s. á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, samkvæmt kröfum eftirlitsaðila eða sem bankinn metur nauðsynlegar á hverjum tíma vegna eftirlits og áhættustýringar, m.a. til þess að geta framkvæmt og uppfært áhættumat á söluaðila. Upplýsingar sem bankinn kann að óska eftir hjá söluaðila eru, m.a. uppfærður ársreikningur, söluskilmálar, birgðareikningar, upplýsingar um vörur söluaðila og aðrar upplýsingar sem varða starfsemi söluaðila, s.s. upplýsingar um fyrirsvarsmenn og starfsleyfi.

Söluaðila ber að tilkynna bankanum um meiriháttar breytingar á starfsemi eða skipulagi, s.s. ef: a) söluaðili hyggst hætta starfsemi, b) eðli eða tilgangi starfseminnar er breytt, c) breytingar verða á eignarhaldi söluaðila, þ.m.t. raunverulegum eignum, d) ef söluaðili, eigendur hans eða fyrirsvarsmenn verða skráðir á lista yfir áhættusama aðila vegna stjórnmálatengsla eða lista yfir aðila sem beittir hafa verið viðurlögum vegna brota (e. sanctions lista), og/eða ef e) breytingar verða á félagiformi söluaðila.

Landsbankanum er heimilt að afhenda kortafyrirtækjunum, kortaútgefendum, umboðs- eða vinnsluaðilum Landsbankans eða öðrum þeim sem nauðsynlegt, skylt eða öðlilegt er að afhenda, upplýsingar um söluaðila og viðskipti hans s.s. færslukvittanir, færsluupplýsingar eða önnur gögn. Óheimilt er að miðla upplýsingum umfram það sem nauðsynlegt er svo bankinn geti uppfyllt skyldur sína samkvæmt samningnum, reglum kortafyrirtækjanna eða samkvæmt lögum.

Söluaðili skal verða við tilmælum og leiðbeiningum sem bankinn gefur út á hverjum tíma, hvort sem þær varða ráðstafanir til að fyrirbyggja eða minnka líkur á svikum og endurkröfum, leiðbeiningum um notkun vörumerkja eða annað sem varðar samningssamband bankans og söluaðila.

4. Vörumerki kortafyrirtækjanna

Söluaðili skal, eins og áskilið er af kortafyrirtækjunum, stilla út með áberandi hætti vörumerkjum þeirra korta sem hann mottækur skv. samningi þessum. Í þessum tilgangi skal eingöngu nota vörumerki/markaðsefni sem bankinn hefur afhent. Söluaðili skal stilla upp vörumerkjum þeirra korta sem færsluhirt eru af bankanum á jafn áberandi hátt og vörumerkjum annarra kortafyrirtækja.

Söluaðila er óheimilt, án skriflegs samþykkis bankans, að nota annað markaðsefni sem birtir vörumerki Landsbankans, kortafyrirtækjanna eða sem vísar til þeirra, en það sem bankinn hefur afhent söluaðila.

Á sölustað skal vörumerkjum stillt upp með áberandi hætti við inngang, við búðarkassa eða á öðrum stað þar sem greiðsluleiðir eru kynntar. Í netverslun skulu vörumerki birt á áberandi hátt á greiðsluhluta vefsíðu.

Söluaðili sem ekki veitir þjónustu til almennings þarf ekki að stilla út vörumerkjum eða öðru markaðsefni kortafyrirtækjanna og hið sama á við ef slík ústilling brýtur í bága við lög.

Landsbankinn ábyrgist að notkun söluaðila á vörumerkjum kortafyrirtækjanna og/eða bankans, í samræmi við ákvæði samningsins, sé söluaðila heimil og að bankinn sé eigandi vörumerkja Landsbankans og hafi heimild kortafyrirtækjanna til notkunar og framsals á notkunarheimildum vörumerkja þeirra. Landsbankinn ábyrgist skaðleysi söluaðila af öllum kröfum sem upp kunna að koma í tengslum við notkun vörumerkja eins og hún er heimiluð í samningnum.

Söluaðili skal þegar í stað hætta allri notkun vörumerkja við lok samningsins, auk þess sem bankinn og/eða kortafyrirtækin geta hvenær sem er krafist þess fyrirvaralaust að söluaðili hætti notkun vörumerkja.

Samningurinn veitir söluaðila ekki tilkall til eignar vörumerkja eða hugverka. Réttur söluaðila takmarkast við það sem heimilað er í skilmálum þessum. Söluaðili má ekki gefa í skyn að hann sé aðili að kortafyrirtækjunum.

5. Móttaka korta

Söluaðila er heimilt og skylt, í tengslum við greiðslu fyrir sölu á vöru eða þjónustu, að taka við kortum í samræmi við samninginn. Söluaðila er ekki heimilt að taka við færslum án korts (s.s. í vefverslun), nema um slíkt hafi sérstaklega verið samið.

Söluaðili má ekki, nema þegar lög eða reglur kortafyrirtækjanna heimila eða kveða á um slíkt, neita að taka við korti á grundvelli þess hver korthafi eða útgefandi korts er. Söluaðili skal gæta jafnræðis við móttöku korta. Óheimilt er að stunda viðskiptahætti sem mismuna korthöfum eða hvetja þá til að framvísa öðrum greiðslumiðlum en korti nema slíkt sé sérstaklega heimilað í lögum.

Söluaðili má óska eftir, en ekki gera að skilyrði fyrir móttöku korts, að korthafi framvísi skilríkjum eða sanni á sér deili með öðrum hætti, nema slíkt sé nauðsynlegt til að ljúka viðskiptum, s.s. vegna afhendingar vöru eða þegar reglur kortafyrirtækjanna heimila eða kveða sérstaklega á um að afla skuli slíkra viðbótarupplýsinga.

Söluaðila er óheimilt að óska eftir eða nota kortaupplýsingar í öðrum tilgangi en til að framkvæma færslur vegna kaupa á vöru eða þjónustu. Söluaðili má aldrei fara fram á það við korthafa að hann gefi kortaupplýsingar skriflega þar sem hættu er á að upplýsingar verði aðgengilegar óviðkomandi, s.s. í tölvupósti, með smáskilaboðum eða með því að fylla út eyðublað með kortaupplýsingum. Söluaðili má ekki óska eftir því að korthafi veiti skriflega upplýsingar um PIN eða öryggisnúmer korts (CVV/CVC). Aldrei má óska eftir upplýsingum um öryggisnúmer korts (CVV/CVC) þegar korti er framvísað á sölustað.

Söluaðili má aldrei biðja korthafa um að afsala sér rétti sínum til að mótmæla færslu og gera endurkröfu. Söluaðili má ekki setja viðmið um lágmarksfjárhæð færslu eða setja þak á hámarksfjárhæð færslu nema slíkt sé heimilað í lögum.

Söluaðila er heimilt að nota afgreiðslutæki sem við móttöku fjölmerktra korta (e. co-badged) velur tiltekið merki framar öðrum. Söluaðila er þó skylt að gera korthafa kleift að breyta slíku vali afgreiðslutækis.

Söluaðila er skylt að birta með skýrum og nákvæmum hætti endanlegt verð vöru eða þjónustu. Þjóði söluaðili handhöfum tiltekinna korta afslátt skal hann kynna korthafa afsláttarkjör áður en gengið er frá greiðslu. Söluaðila er óheimilt að leggja álag á færslu þegar greitt er með korti.

Söluaðili skal ávallt bjóða korthafa að fá afhenta færslukvittun sem uppfyllir skilyrði kortafyrirtækjanna.

Það er á ábyrgð söluaðila að birta, í samskiptum við korthafa, á skýran og áberandi hátt upplýsingar um nafn söluaðila og heimilisfang, eins og þær birtast á færslufirliði korthafa.

Söluaðili sem takmarkar með einhverjum hætti rétt til að skila vöru eða afbóka þjónustu skal upplýsa korthafa um slíka skilmála annað hvort áður en gengið er frá kaupum eða með því að prenta skilmála á færslukvittun sem korthafi getur staðfest með undirritun.

Söluaðila er óheimilt að taka við korti í þeim tilgangi að afhenda korthafa reiðufé nema slíkt sé hluti af starfsemi söluaðila eins og henni er lýst í samningnum, s.s. þegar samið hefur verið um færsluhirðingu vegna hraðbanka, afhendingu reiðufjár innlausn ferðatækka, móttöku sérstakra ferðakorta sem útgefin eru undir vörumerkjum kortafyrirtækjanna eða miðlun gjaldmiðla.

Söluaðila er óheimilt að taka á móti korti sem greiðslu fyrir vöru eða þjónustu í eftirfarandi tilvikum: a) fyrir vöru eða þjónustu sem veitt er af þriðja aðila, eða sem veitt er í þeim tilgangi að koma greiðslu til þriðja aðila, b) fyrir vöru eða þjónustu sem er veitt/afhent frá öðrum stað en starfsstöð söluaðila, c) fyrir aðra vöru eða þjónustu en þá sem tilgreind var í umsókn söluaðila um samning um færsluhirðingu, d) í þeim tilvikum þegar korthafi hefur ekki samþykkt færslu, e) þegar krafa hefur ekki innheimst með öðrum hætti, s.s. þegar um er að ræða eldri ógreidda kortafærslu, kröfu um greiðslu ógilds tékka og/eða skuld sem söluaðili hafði áður talið ómögulegt að innheimta með öðrum hætti, f) vöru eða þjónustu sem brýtur í bága við lög eða reglur, þ.m.t. reglur kortafyrirtækjanna; g) fyrir vöru eða þjónustu sem er til þess fallin að skaða viðskiptavild eða draga úr virði vörumerkja kortafyrirtækjanna, greiðslukerfa þeirra eða Landsbankans, h) fyrir vöru eða þjónustu sem á einhvern hátt brýtur í bága við ákvæði samnings eða færslna sem eru framkvæmdar með það að sjónarmiði að fara í kringum ákvæði samningsins, eða i) sviksamlegra eða ólögumætra/óheimilaðra færslna.

6. Heimildarbeiðni

Heimildarmörk færslu eru krónur núll (kr. 0) nema um annað hafi sérstaklega verið samið. Söluaðili skal leita heimildar fyrir öllum færslum yfir skilgreindum heimildarmörkum. Landsbankanum er einhliða heimilt á grundvelli áhættustýringar að breyta heimildarmörkum hjá söluaðila.

Jákvætt svar við heimildarbeiðni er ekki staðfesting á réttmæti færslu. Samþykki heimildarbeiðni er alltaf með fyrirvara um mögulegan rétt korthafa til að mótmæla færslu og endurkrefja söluaðila um fjárhæð hennar samkvæmt reglum kortafyrirtækjanna. Bankinn getur auk þess hafnað færslu sem telst vera ólögmæt. Söluaðili ber ábyrgð á að afla staðfestingar korthafa á viðskiptum og að staðfestingin uppfylli kröfur bankans og kortafyrirtækjanna, s.s. með innslætti PIN, notkun 3-D Secure eða annarri sannvottun í samræmi við kröfur á hverjum tíma. Færslur sem ekki uppfylla skilyrði um staðfestingu eru á ábyrgð söluaðila. Korthafi getur að jafnaði mótmælt og hafnað færslu sem ekki hefur verið staðfest í samræmi við kröfur bankans eða kortafyrirtækjanna um staðfestingu greiðslu.

Söluaðila er skylt að ógilda heimildarfærslu þegar hætt er við kortagreiðslu. Söluaðili ber ábyrgð á því að ógilda eða fella niður ónýttar heimildir.

Söluaðili skal að jafnaði ekki leita aftur heimildar hafi fyrri heimildarbeiðni verið hafnað. Geri söluaðili það engu að síður er það á hans ábyrgð og verður honum gert að bera kostnað af mögulegum endurkröfum eða öðru tjóni bankans vegna færslu. Óheimilt er að leita heimildar vegna tiltekinnar fjárhæðar ef ekki er ætlunin að gera fjárhagsfærslu. Söluaðili skal nota aðgerð í afgreiðslutæki til að athuga stöðu korts þegar einungis er verið að staðfesta hvort kort sé opið og hvort innstæða sé á kortareikningi korthafa. Í þeim tilvikum þar sem endanleg fjárhæð úttektar liggur ekki fyrir skal korthafi samþykkja heildarfjárhæð heimildarbeiðni.

7. Innsending færslna

Söluaðili ber ábyrgð á að senda færslur án tafar til uppgjors og aldrei síðar en innan þriggja (3) daga frá því færsla er gerð. Óheimilt er að senda inn ólögmætar færslur. Bankinn getur krafist þóknunar vegna uppgjors færslna sem berast eftir framangreint tímamark auk þess sem bankinn áskilur sér rétt til þess að synja uppgjöri á slíkum færslum.

Færslu skal ekki senda inn fyrir en að minnsta kosti eitt af eftirfarandi hefur átt sér stað: a) lok viðskipta, b) vara eða þjónusta hefur verið afhent eða send til afhendingar. Þetta á þó ekki við þegar um er að ræða fyrirframgreiðslu eða greiðslu að hluta, eða c) viðskipavinur hefur uppfyllt skilyrði samnings um boðgreiðslur, raðgreiðslur eða aðrar sambærilegar greiðslur.

Innsendar færslur skulu uppfylla formskilyrði kortafyrirtækjanna. Hver færsla skal innihalda þær upplýsingar sem skylt er að komi fram á færslukvittun auk MCC kóða söluaðila og samningsnúmer hans. Þetta á ekki við hafi bankinn gefið skriflegg samþykki fyrir frávikum frá kröfum um form og upplýsingar um færslu.

Ef færsla er ógild, þ.e. uppfyllir ekki formskilyrði eða ef henni fylgja ekki tilskildar færsluupplýsingar þannig að hægt sé að útbúa fullnægjandi yfirlit fyrir korthafa, mun bankinn vekja athygli á göllum um leið og hann verður þeirra var. Söluaðili hefur þá fjóra (4) almanaksdaga frá dagsetningu upprunafærslu til að gera úrbætur svo hægt sé að leiðrétta færsluna. Bankinn ber ekki ábyrgð á uppgjöri færslu ef ekki var bætt úr göllum hennar innan tímamarka. Söluaðili ber auk þess ábyrgð á þeim endurkröfum sem kunna að vera gerðar á færslur sem ekki eru leiðréttar innan tímamarka.

Þrátt fyrir framangreint kann bankinn að eigin frumkvæði að leiðrétta ógildar færslur án þess að vera það skylt.

Bankinn ber ekki ábyrgð á því tjóni sem söluaðili kann að verða fyrir sökum þess að færsla er ekki send til uppgjors innan þriggja (3) daga frá því að færsla er gerð.

8. Ólögmætar/óheimilar færslur

Bankanum er hvorki heimilt né skylt að gera upp við söluaðila andvirði ólögmætrar/óheimillar færslu. Söluaðili getur ekki krafist bankans um uppgjör vegna slíkrar færslu.

Bankinn getur krafist söluaðila um endurgreiðslu ólögmætrar færslu eða færslu sem grunur er um að sé ólögmæt. Bankanum er heimilt að draga andvirði færslunnar ásamt þóknun og kostnaði frá uppgjöri til söluaðila. Þóknunir og gjöld sem greidd hafa verið af ólögmætri upprunafærslu eru ekki endurgreidd söluaðila.

Réttur bankans til þess að krefja söluaðila um endurgreiðslu á andvirði ólögmætrar færslu er óháður því hvort Landsbankanum er skylt eða mögulegt að endurgreiða kortafyrirtækjum, kortaúttefanda eða korthafa hina ólögmætu færslu.

9. Endurgreiðslur og endurkröfur

Söluaðili getur endurgreitt kaup á vöru eða þjónustu sem áður var greitt fyrir með korti með því framkvæma endurgreiðslu í gegnum afgreiðslutæki inn á kortareikning korthafa.

Endurgreiðsla skal fara í gegnum sama samningsnúmer og upprunafærsla fór í gegnum og skal að jafnaði greiða inn á sama kortareikning og notaður var við upprunafærslu. Endurgreiðsla skal vera í sömu mynt og upprunafærslan og má vera að fjárhæð allt að eða jafnri upprunafærslu en má ekki vera hærri fjárhæð, nema söluaðila sé skylt að lögum að bjóða upp á hærri greiðslu. Söluaðili ber ábyrgð á greiðslu hvers kyns kostnaðar af endurgreiðslu s.s. vegna gengismunar. Áður en endurgreiðsla er framkvæmd skal söluaðili leita heimildar fyrir endurgreiðslu í gegnum afgreiðslutæki. Söluaðili skal bjóða korthafa færslukvittun vegna endurgreiðslu nema þegar um er að ræða símgreiðslu.

Fjárhæð hinnar endurgreiddu færslu, ásamt þeim gjöldum og þóknunum sem á hana leggjast, er gerð upp í samræmi við ákvæði samningsins um uppgjör. Söluaðili á ekki rétt á endurgreiðslu þeirra gjalda og þóknana sem hann greiddi af upprunafærslu.

Ef ekki er til staðar upprunafærsla er söluaðila einungis heimilt að endurgreiða korthafa ef fyrirfram hefur verið samið um slíkt í samningi söluaðila og bankans eða ef það er gert til þess að uppfylla kröfur kortafyrirtækjanna eða laga.

Endurkröfur eru á ábyrgð söluaðila. Söluaðili skal endurgreiða Landsbankanum andvirði allra endurkrafna sem söluaðila ber að greiða, að viðbættum kostnaði, og ef við á, gjalds til gerðardóms viðkomandi kortafyrirtækis.

Kortafyrirtækin setja reglur um ferli og skilyrði endurkrafna. Réttur söluaðila til að mótmæla endurkröfu er skilgreindur í endurkröfureglum þess kortafyrirtækis sem færslan fór í gegnum. Ef söluaðili vill mótmæla endurkröfu þarf hann að skila umbeðnum gögnum innan þess tímaramma sem kortafyrirtækin setja.

Sekti kortafyrirtækin Landsbankann vegna þess að starfsemi söluaðila er umfram heimiluð mörk endurkrafna, sviksamlegra færslna eða annars, hefur bankinn rétt á að endurkrefja söluaðila um andvirði sektanna auk þóknunar.

Landsbankanum er á hverjum tíma heimilt, á grundvelli áhættustýringar, að loka fyrir endurgreiðslur söluaðila til korthafa.

10. Færslukvittanir

Söluaðila ber að geyma gögn um kortafærslur, þ.m.t færslukvittanir í að lágmarki átján (18 mánuði) frá innsendingardegi færslu. Þegar um er að ræða viðvarandi viðskipti, s.s. áskriftir (boðgreiðsla) eða þegar greitt er fyrir einstök viðskipti í fleiri en einni greiðslu (raðgreiðsla), skal geyma færslukvittun í 18 mánuði frá því að síðasta færsla er send bankanum. Söluaðila ber á hverjum tíma að verða við kröfu bankans um afhendingu færslukvittunar innan fimm (5) virkra daga frá því að beiðni þar að lútanda er sett fram. Verði söluaðili ekki við beiðninni innan framangreindra tímamarka er bankanum heimilt að bakfæra færslu og/eða eftir atvikum endurkrefja söluaðila um andvirði hennar.

Skylda söluaðila til að geyma færslukvittanir og verða við beiðni bankans um afhendingu færslukvittana gildir að lágmarki í átján (18) mánuði eftir að samningi milli aðila lýkur.

Í lok geymslutíma ber söluaðila að eyða framangreindum gögnum í samræmi við kröfur PCI DSS staðalsins til þess að tryggja að óviðkomandi aðilar komist ekki yfir kortaupplýsingar.

11. Þóknarir og gjöld

Söluaðila ber að greiða til bankans öll gjöld, þóknarir og vexti sem samið hefur verið um í samningnum og sem tilgreind eru í verðskrá bankans. Söluaðili á ekki rétt á greiðslu vaxta af hálfu bankans vegna viðskipta á grundvelli samningsins.

Landsbankinn áskilur sér á samningstímanum rétt til að breyta einhliða gjöldum fyrir færsluhirðingu sem tilgreind eru í samningi milli söluaðila og bankans um færsluhirðingu, m.a. ef þau eru byggð á röngum eða úreltum upplýsingum eða ef forsendur gjalda hafa breyst, s.s. vegna breytinga á gjöldum til kortafyrirtækja. Breytingar á gjöldum eru tilkynntar söluaðila í netbanka, með tölvupósti eða með öðrum hætti sem bankinn ákveður.

Söluaðili ber ábyrgð á að standa skil á öllum gjöldum og sköttum sem honum ber að greiða til hins opinbera eða þriðja aðila. Söluaðila ber jafnframt að greiða aðrar fjárhæðir sem kunna að falla til á grundvelli samningsins vegna sekta eða brota sem kunna að vera lögð á af hálfu kortafyrirtækjanna auk bóta vegna kostnaðar og annars tjóns sem bankinn kann að verða fyrir í tengslum við samninginn.

12. Uppgjör

Bankinn greiðir söluaðila á uppgjorsdegi fjárhæð allra færslna sem uppfylla skilyrði samningsins á liðnu uppgjörstímabili eins og það er tilgreint í samningi aðila. Uppgjör færslu til söluaðila eða tilgreiningu færslu í skýrslu/upplýsingagjöf til söluaðila telst ekki staðfesting á lögmæti færslu.

Forsenda þess að uppgjorsfjárhæð sé greidd til söluaðila er að greiðslur hafi borist frá kortafyrirtækjunum og/eða viðkomandi útgefenda og að ekki sé til staðar neitt það sem heimilar bankanum að halda eftir uppgjorsfjárhæð í heild eða að hluta.

Ef vafi leikur, að mati bankans, á lögmæti færslu eða að líklegt sé talið að endurkrafa kunni að verða gerð vegna færslu áskilur bankinn sér rétt til þess að hafna færslu og/eða halda eftir uppgjöri þar til ljóst er að færsla sé lögmæt og ekki eru lengur líkur á endurkröfu. Með sama hætti áskilur bankinn sér rétt til að endurkrefja söluaðila um fjárhæð færslu auk þóknunar og annarra gjalda, komi í ljós, eftir að uppgjör hefur farið fram, að færsla hafi verið ólögmæt eða grunur leikur á um slíkt.

Bankinn dregur frá uppgjöri (skuldajöfnun) þá fjárhæð sem söluaðila ber að greiða bankanum í þóknun og önnur gjöld. Bankinn áskilur sér jafnframt rétt til að draga frá uppgjöri fjárhæð vegna endurkrafna og endurgreiðslna og eftir atvikum sektargreiðslna. Réttur bankans til frádráttar nær til allra samningsnúmera sem falla undir samning söluaðila, óháð því í tengslum við hvaða samningsnúmer krafa stofnaðist. Bankinn hefur val um hvort réttur til frádráttar er nýttur eða hvort gefnir eru út reikningar fyrir skuld sem stofnast samkvæmt framangreindu. Ef reikningur er gefinn út telst gjalddagi vera 7 dögum eftir útgáfudag reikningsins. Verði reikningur ekki greiddur á gjalddaga reiknast á fjárhæðina dráttarvextir samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Greiðslur samkvæmt uppgjöri eru greiddar inn á uppgjorsreikning söluaðila, eins og hann er tilgreindur í samningnum eða í staðfestri beiðni söluaðila um breytingu á uppgjorsreikningi. Bankinn áskilur sér rétt til þess að hafna beiðni um breytingu á uppgjorsreikningi.

Söluaðila ber að yfirfara uppgjör, uppgjorsyfirlit, þóknarir og kostnað. Hafi söluaðili athugasemdir við uppgjör skal hann koma þeim skriflega á framfæri við bankann innan eins mánaðar frá því að uppgjör hefur farið fram. Að öðrum kosti telst söluaðili hafa samþykkt uppgjörið og glatar réttinum til að gera athugasemdir, nema ef villa í uppgjöri er rakin til til stórfelldrar vanrækslu eða svika af hálfu bankans.

Berist söluaðila uppgjör sem hann á ekki rétt á eða hefur fyrir mistök bankans verið greitt til söluaðila ber honum þegar í stað að endurgreiða bankanum fjárhæðina.

Komi í ljós að söluaðili hefur, vegna mistaka bankans, greitt of lágan kostnað eða þóknun, hefur bankinn rétt á að leiðrétta slík mistök í næsta uppgjöri til söluaðila.

Bankinn áskilur sér rétt til að breyta einhliða og án fyrirvara uppgjörstímabili með tilkynningu til söluaðila, hvenær sem er á samningstímanum. Breytingar á uppgjörstímabili geta t.a.m. verið á grundvelli áhættumats eða ef til staðar eru önnur atvik sem, að mati bankans, auka líkur á að söluaðili geti ekki staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Að sama skapi er bankanum heimilt að breyta uppgjörstímabili ef söluaðili uppfyllir ekki eða brýtur gegn ákvæðum samningsins.

Helgar og frídagar á Íslandi og í Bandaríkjunum teljast ekki til uppgjörsdaga og taka uppgjörstímabili mið af því. Uppgjör sem lendir á framangreindum dögum kemur til greiðslu eigi síðar en næsta virka bankadag.

13. Réttur til að halda eftir uppgjöri og aðrar tryggingarráðstafanir

Bankinn getur hvenær sem er á samningstímanum farið fram á að gerðar verði tiltekna tryggingarráðstafanir vegna viðskipta samkvæmt samningnum. Í því felst m.a. krafa um að söluaðili leggi fram veltutryggingu, eða aðrar tryggingar sem bankinn metur hæfar, uppgjöri verði seinkað eða uppgjörstímabili breytt. Landsbankinn hefur heimild til að takmarka eða stöðva viðskipti þar til tryggingarráðstafanir eru að mati bankans fullnægjandi.

Landsbankanum er heimilt að halda eftir öllum uppgjörum, í heild eða hluta, þ.e. uppgjöri vegna liðsins uppgjörstímabils sem komið er á gjalddaga, færslum sem ekki eru komnar til uppgjors og uppgjöri vegna veltutryggingar, í eftirfarandi tilvikum:

- ef bankinn grunar að færslur söluaðila séu ólögmatar er heimilt að halda eftir uppgjöri þar til lögmati færslna er staðfest,
- ef söluaðili brýtur gegn samningnum og/eða reglum kortafyrirtækjanna er heimilt að halda eftir uppgjöri þar til bætt hefur verið úr broti,
- ef grunur er um að söluaðili hafi brotið gegn samningnum og/eða reglum kortafyrirtækjanna er heimilt að halda eftir uppgjöri þar til rannsókn máls er lokið og ljóst að engin brot hafa átt sér stað,
- ef endurkröfur, endurgreiðslur, aðrar aðgerðir söluaðila eða önnur atriði sem snerta söluaðila leiða eða geta að mati bankans leitt til fjárhagslegrar áhættu fyrir bankann, er heimilt að halda eftir uppgjöri þar til ljóst er að áhætta er ekki lengur til staðar eða gerðar hafa verið aðrar ráðstafanir til að mæta áhættu,
- ef söluaðili á við fjárhagslega erfiðleika að stríða er heimilt að halda eftir uppgjöri þar til hætta á fjártjóni, að mati bankans, er ekki lengur til staðar,
- ef bankinn hefur óskað eftir aðgengi og/eða upplýsingum frá söluaðila í samræmi við skyldu söluaðila til aðgengis og upplýsinga samkvæmt samningnum, er heimilt að halda eftir uppgjöri þar til fullnægjandi aðgengi og/eða upplýsingar hafa verið veittar,
- ef bankinn hefur óskað eftir tryggingum til að mæta fjárhagslegri áhættu er heimilt að halda eftir uppgjöri þar til söluaðili hefur veitt tryggingar sem eru fullnægjandi að mati bankans,
- ef þess er krafist af kortafyrirtækjunum eða ef bankanum er óheimilt lögum samkvæmt að greiða uppgjör, er uppgjöri haldið eftir þar til heimild til greiðslu er til staðar.

Bankinn upplýsir söluaðila um þau uppgjör sem haldið er eftir og ástæðu þess, nema lög áskilji annað. Bankinn áskilur sér rétt til að halda áfram eftir uppgjöri ef fram koma aðrar aðstæður en þær sem upphaflega var byggt á þegar uppgjöri var haldið eftir.

Bankinn greiðir söluaðila uppgjör á næsta uppgjörsdegi eftir þann dag þegar ástæður þess að uppgjöri er haldið eftir eru, að mati bankans, ekki lengur til staðar.

14. Réttur til að takmarka eða stöðva þjónustu

Landsbankinn áskilur sér rétt til að takmarka eða stöðva, ef nauðsyn krefur, þjónustu samkvæmt samningi þessum. Dæmi um slíkar aðstæður eru:

- þegar hlutfall endurkrafa, sviksamlegra færslna eða endurgreiðslna eru yfir heimiludum mörkum,
- þegar bankanum er kunnugt um eða grunar að færsla sé ólögmat,
- þegar bankanum er það skylt samkvæmt lögum eða reglum kortafyrirtækjanna,
- þegar bankinn veit eða grunar að starfsemi söluaðila sé ekki í samræmi við ákvæði samningsins og/eða reglur kortafyrirtækjanna,
- þegar bankinn ákveður að loka fyrir endurgreiðslur söluaðila í samræmi við ákvæði samningsins eða
- ef gjaldeyrishöft eða önnur sambærileg lög eða reglur banna miðlun færslu eða færsluupplýsinga yfir landamæri.

Söluaðila er tilkynnt fyrirfram um takmörkun eða stöðvun ef mögulegt er í síðasta lagi tafarlaust í kjölfar takmörkunar eða stöðvunar.

15. Riftun samnings

Bankanum er heimilt að rifta samningi við söluaðila einhliða og fyrirvaralaust. Í eftirfarandi tilvikum:

- ef þess er krafist af þar til bærum yfirvöldum eða kortafyrirtækjunum,

- ef bankanum er skylt samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum að hætta viðskiptum við söluaðila og/eða það væri ólöglegt fyrir bankann að halda áfram þjónustu við söluaðila,
- ef upp koma svik eða rökstuddur grunur um svik söluaðila,
- ef söluaðili hefur sent ólögð færslur til bankans eða grunur leikur á um slíkt,
- ef bú söluaðila er tekið til gjaldþrotaskipta eða tekið hefur verið árangurslaust fjárnám hjá söluaðila, hann óskar eftir nauðasamningi eða greiðslustöðvun eða einhverjar sambærilegar aðstæður eiga við,
- söluaðili hefur gefið upp rangar eða misvísandi upplýsingar um sig eða starfsemi sína við umsókn um færsluhirðingu eða meðan á samningssambandi stendur,
- ef söluaðili verður ekki við beiðni bankans um að afhenda upplýsingar í tengslum við áhættumat eða vegna áreiðanleikakönnunar, hvort sem er við upphaf viðskipta eða vegna viðvarandi eftirlits, eigi síðar en innan fjórtán (14) daga frá því krafa er lögð fram,
- ef söluaðili verður ekki við beiðni bankans um framlagningu trygginga eða kröfu bankans um úrbætur vegna brots á samningnum, eigi síðar en innan sjö (7) daga frá því bankinn leggur fram slíka beiðni,
- ef upp kemur rökstuddur grunur um að söluaðili brjóti gegn lögum eða reglum í starfsemi sinni, bjóði ólögð vöru eða þjónustu, stundi starfsleyfisskylda starfsemi án þess að hafa til þess tilskilin leyfi eða að viðskiptahættir söluaðila séu að mati bankans ekki í samræmi við góða viðskiptahætti, áhættustefnu bankans eða geti á einhvern hátt skaðað orðspor eða ímynd bankans eða kortafyrirtækjanna,
- ef upp koma ítrekuð tilvik um endurkröfur eða sviksamlegar færslur,
- ef söluaðili hefur ekki staðið skil á samningsbundnum greiðslum eða ekki greitt skuldir á gjalddaga sem hafa stofnast í tengslum við samninginn eða samning við þjónustuaðila afgangslutækja,
- ef söluaðili hættir starfsemi eða hefur ekki sent færslur til færsluhirðingar í sex (6) mánuði er bankanum heimilt að rifta samningi í heild eða hluta eða loka einstaka samningsnúmerum,
- ef starfsemi söluaðila breytist verulega, þ.e. vörur eða þjónusta sem söluaðili móttækur greiðslur fyrir eru af allt öðrum toga en lýst var í umsókn eða bankinn hefur síðar samþykkt,
- ef söluaðili selur allan eða verulegan hluta eigna sinna, sameinast öðrum aðila (samruni) og/eða ef um breytingu á eignarhaldi er að ræða eða ef söluaðili selur rekstur til nýs aðila,
- ef söluaðili hefur framselt samningssambandið án samþykkis bankans,
- ef söluaðili sjálfur, fyrirsvarsmenn hans eða eigendur verða skráðir á lista yfir aðila sem beittir hafa verið viðurlögum vegna brota (e. sanctions lists), eða ef viðskiptamaður, fyrirsvarsmenn hans eða eigendur fullnægja ekki lengur skilyrðum áreiðanleikakönnunar/áhættumats,
- ef samningi milli söluaðila og þjónustuaðila afgangslutækja er sagt upp eða honum rift,
- ef fyrir hendi eru sambærilegar aðstæður og koma fram að ofan.

Vanefnd eða brot söluaðila í tengslum við eitt samningsnúmer heimilrar bankanum að segja upp heildarsamningi söluaðila um færsluhirðingu.

Kjósi bankinn, í stað fyrirvaralausrar riftunar, að beina skriflegri áskorun um úrbætur til söluaðila, skal honum gefinn að hámarki fjórtán (14) daga frestur til úrbóta. Að liðnum fresti til úrbóta getur bankinn einhliða og án frekari tilkynningar rift samningi ef ekki hafa verið gerðar nægjanlegar úrbætur að mati bankans.

Við uppsögn, riftun eða lok samnings er bankanum heimilt að halda eftir uppgjöri til söluaðila, að hluta eða öllu leyti, sem tryggingu fyrir hvers konar kröfum, s.s. endurkröfum eða öðrum kostnaði þar til liðinn er sá tímafrestur sem korthafi hefur til að gera endurkröfu.

Í þeim tilvikum sem samningi er rift eða sagt upp á grundvelli brots söluaðila á lögum eða reglum kortafyrirtækjanna getur bankanum verið skylt að skrá söluaðila og eftir atvikum fyrirsvarsmenn hans á lista kortafyrirtækjanna, svokallaða MATCH og VMAS lista, yfir aðila sem sagt hefur verið upp viðskiptum um færsluhirðingu á grundvelli sakar.

16. Öryggi upplýsinga og öryggisatvik

Söluaðili skal tryggja öryggi upplýsinga korthafa og kortaupplýsinga sem miðlað er í tengslum við móttöku korta.

Söluaðili skal tryggja við alla vinnslu kortaupplýsinga að uppfyllt séu skilyrði PCI DSS staðals og annarra öryggisreglna kortafyrirtækjanna og/eða leiðbeininga bankans. Bankinn getur kallað eftir staðfestingu þess efnis að framkvæmd hafi verið úttekt (ROC) á hlífingu söluaðila við staðalinn, af til þess hæfum aðila (QSA eða ISA), og/eða að viðskipavinur hafi framkvæmt árlegt sjálfmat (SAQ). Söluaðili ber ábyrgð á öllum kostnaði sem kann að falla til í tengslum við kröfur PCI DSS.

Það er á ábyrgð söluaðila að taka í notkun og viðhalda á eigin kostnað afgangslutækki, sem gera honum kleift að móttaka greiðslur í samræmi við skilmála samningsins. Afgangslutækki skal vera PA DSS vottað. Söluaðili skal ekki gera eða heimila breytingar á afgangslutækki, s.s. að hlaða niður smáforritum eða gera breytingar á hugbúnaði án fyrirfram samþykkis bankans.

Söluaðili má einungis tengjast færsluhirðingarkerfi bankans með tengingu sem samþykkt hefur verið af bankanum og uppfyllir öryggiskröfur og önnur skilyrði bankans. Söluaðili má aldrei geyma viðkvæmar kortaupplýsingar eins og öryggisnúmer korts (CVV/CVC), PIN eða sambærilegar upplýsingar sem finna má á rafmiðlum korts, s.s. segulrönd eða örgjörva.

Söluaðili skal tafarlaust tilkynna Landsbankanum um öryggisatvik. Öryggisatvik getur m.a. falið í sér stuld eða tjón á kortabúnaði, misnotkun eða óheimila notkun búnaðarins, eða svik eða misnotkun í starfsemi söluaðila. Bankanum kann að vera skylt að deila upplýsingum um öryggisatvik með kortafyrirtækjunum og yfirvöldum. Komi upp öryggisatvik er bankanum

og/eða kortafyrirtækjunum heimilt að krefjast rannsóknar, sem yrði framkvæmd annað hvort af bankanum sjálfum eða þeim sem bankinn tilnefnir eða óháðum viðurkenndum úttektaraðila.

Söluaðili skal veita þeim aðilum sem fara með rannsókn máls alla þá aðstoð og aðgengi sem nauðsynlegt er vegna rannsóknar á öryggisbroti eða ætluðu öryggisbroti. Verði niðurstöður rannsóknar birtar söluaðila en ekki bankanum og/eða kortafyrirtækjunum skal söluaðili miðla niðurstöðum rannsóknar til þeirra. Leiði rannsókn í ljós að söluaðili uppfyllti ekki öryggiskröfur á tíma öryggisatviks og að slíkt hafi valdið öryggisatviki, skal söluaðili bera allan kostnað af rannsókn sem og afleiddum fjárútlátum s.s. sektum og/eða afleiddu tjóni.

Söluaðili sem verður var við öryggisatvik skal þegar í stað grípa til úrbóta sem miða að því að takmarka áhættu og tjón. Söluaðili skal í einu og öllu fylgja fyrirmælum og leiðbeiningum bankans um öryggisráðstafanir, á hvaða formi sem þeim er miðlað, hvort sem fyrirmæli eða ráðstafanir lúta að atriðum tengdum framkvæmd samnings eða nýtingar annarrar þjónustu bankans, s.s. notkun þjónustuvefs. Sömuleiðis ber söluaðila að verða við beiðnum bankans um nauðsynlegar breytingar á kerfum söluaðila sem tengjast bankanum, svo sem vefþjónustum.

Söluaðili ber ábyrgð á öllum kostnaði vegna öryggisatvika sem verða innan hans umfangs, s.s. vegna rannsóknar og sektar af hálfu kortafyrirtækjanna.

17. Skaðleysisábyrgð

Söluaðila ber að halda bankanum skaðlausum og bæta honum hvers konar tjón sem bankinn kann að verða fyrir vegna sekta, refsinga, kostnaðar og bóta sem bankanum er gert að greiða vegna brots söluaðila í tengslum við samninginn eða leiða af broti á honum hvort sem þau eru til komin vegna athafna, athafnaleysis, vanrækslu, gáleysis eða ásetnings söluaðila.

Landsbankinn ber ekki ábyrgð gagnvart söluaðila á tjóni, beinu eða óbeinu, sem söluaðili kann að verða fyrir (þ.m.t. missi hagnaðar eða hagnaðarvon, rekstrartjóni, orðspori, viðskiptavild, upplýsingum eða hvers konar beinu eða afleiddu tjóni) vegna atvika sem tengjast samningnum eða eru á grundvelli hans, nema tjón sé að rekja til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis bankans. Bankinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem kann að verða vegna galla eða bilunar í hugbúnaði eða vélbúnaði eða tjóns sem leiðir af uppsögn samninga við aðila sem bera ábyrgð á tæknilegum útfærslum, vegna þess að bankinn hættir notkun á tækni- og/eða hugbúnaði.

Í samræmi við framangreint og fyrir utan skyldu til greiðslu uppgjors á umsömdum tíma takmarkast ábyrgð bankans við fjárhæð þeirra gjalda sem söluaðili hefur greitt til bankans síðastliðna 12 mánuði fyrir brotið. Ábyrgð bankans er háð því skilyrði að söluaðili hafi ekki sýnt af sér sviksamlega háttsemi, ásetning eða gáleysi í tengslum við það atvik sem leiddi til tjóns og farið eftir skilmálum, leiðbeiningum og fyrirmælum bankans. Söluaðila ber að tilkynna bankanum skriflega um mögulegt tjón eins fljótt og verða má og í öllum tilvikum innan þriggja mánaða frá því að tjónsatburður átti sér stað eða uppvíst varð um atburð.

18. Framsal og notkun undirvinnsluaðila

Söluaðila er með öllu óheimilt að framselja samningssamband skv. samningi þessum án fyrirfram skriflegs samþykkis bankans. Verulegar breytingar á eignarhaldi söluaðila teljast fela í sér framsal á samningssambandi. Samþykki bankans er ávallt háð því skilyrði að framsalshafi uppfylli kröfur bankans. Brot á ákvæði þessu geta varðað fyrirvaralausri riftun samningsins.

Söluaðila er ekki heimilt að nota vinnsluaðila þ.e. aðila sem annast vinnsluþjónustu, s.s. rekstur afgreiðslutækja, færsluvísun vegna heimildasvörunar, söfnun rafrænna upplýsinga, skráavinnslur og/eða annað sem kemur að meðhöndlun korthafa- eða færsluupplýsinga, nema að gefnu fyrirfram skriflegu samþykki Landsbankans. Vinnsluaðilar skulu vera skráðir hjá kortafyrirtækjunum og uppfylla kröfur PCI DSS staðalsins. Söluaðili skal einnig tryggja að samningar hans við vinnsluaðila kveði á um skyldu vinnsluaðila til að veita aðstoð við öryggisatvik, með sama hætti og söluaðila er það skylt samkvæmt samningnum.

Bankanum er heimilt að framselja samningssamband sitt við söluaðila og einnig að fela undirvinnsluaðilum að annast hluta færsluhirðingar fyrir sína hönd, án samþykkis söluaðila. Skilyrði fyrir slíku er að bankinn ábyrgist að nýr aðili eða undirvinnsluaðili uppfylli sömu kröfur og samningsskuldbindingar og bankinn hefur tekist á hendur gagnvart söluaðila.

19. Sérákvæði um móttöku netgreiðslna í vefverslun

Eftirfarandi sérákvæði gilda fyrir söluaðila sem hefur samið við bankann um móttöku netgreiðslna.

Á vefsíðu söluaðila þar sem tekið er á móti netgreiðslum skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- Vörumerki kortafélaganna í fullum litgæðum. Vörumerkin skulu birtast á þeim stað þar sem tilgreindir eru þeir greiðslumiðlar sem söluaðili tekur við sem greiðslu.
- Lagalegar takmarkanir, þ.e. takmarkanir sem eiga við um viðskiptin ef einhverjar eru.
- Greinargóð lýsing á vöru eða þjónustu sem hægt er að kaupa í vefverslun.
- Skilmálar um kaup á vöru eða þjónustu, þ.m.t. varðandi afhendingu, skil og endurgreiðslu. Skilmálarnir skulu birtir korthafa á skýran hátt í greiðsluferli, þannig að hann geti samþykkt skilmálana, s.s. með því að nota „samþykkja“ hnapp, haka við samþykki eða sannanlega samþykkt með öðrum hætti.
- Upplýsingar um söluaðila, þ.e. fullt heiti, heimilisfang, tölvupóstfang, símanúmer o.þ.h.
- Upplýsingar um í hvaða mynt færsla er gerð.
- Persónuverndarstefna söluaðila og upplýsingar um meðhöndlun og öryggi kortaupplýsinga.

Söluaðili skal birta korthafa rafræna færslukvittun til útprentunar. Óski korthafi eftir því skal söluaðili senda færslukvittun með rafrænum hætti til korthafa.

Söluaðila er óheimilt að taka við kortaupplýsingum í vefverslun í þeim tilgangi að skrá greiðslu með öðrum hætti, s.s. með því að slá inn kortanúmer í afgreiðslutæki.

Afgreiðslutæki vefverslunar skal vera útbúið á þann hátt sem gerir korthafa kleift að staðfesta greiðslur með sterkri sannvottun. Landsbankinn áskilur sér rétt til að hafna netgreiðslum sem ekki eru staðfestar af korthafa með sterkri sannvottun. Sterk sannvottun korts skal vera með þeim hætti sem útgefandi korts hefur ákveðið.

Söluaðili skal ekki nota samstarfsaðila til að auka umferð um vefsíðu. Landsbankanum er hvenær sem er heimilt að kalla eftir upplýsingum um samstarfsaðila þar með talið afriti af samstarfssamningi söluaðila við hann.

Það er á ábyrgð söluaðila að búnaður og tengingar vegna netgreiðslna uppfylli öryggiskröfur, leiðbeiningar og önnur skilyrði fyrir netgreiðslum.

20. Persónuvernd

Söluaðili ber ábyrgð á þeim persónuupplýsingum sem hann móttækur í tengslum við þá vöru eða þjónustu sem greitt er fyrir með greiðslukorti og bankinn færsluhirðir.

Hvor aðili um sig ber ábyrgð á að uppfylltar séu skyldur sem á þeim hvíla í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Hvor aðili um sig ber þagnar- og trúnaðarskyldu um þær upplýsingar sem miðlað er í tengslum við skilmála þessa. Sjá nánari umfjöllun um meðhöndlun bankans á persónuupplýsingum í Almennum viðskiptaskilmálum bankans og Persónuverndarstefnu.

21. Óviðráðanleg atvik (force majeure)

Bankinn ber ekki ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem söluaðili kann að verða fyrir og tengist skilmálum þessum eða viðskiptum sem framkvæmd eru á grundvelli þeirra, ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af lagaboði, aðgerðum stjórnvalda eða óviðráðanlegum aðstæðum (force majeure), s.s. náttúruhamförum, styrjöldum, hryðjuverkum, farsóttum, verkföllum, lokun landamæra, rafmagnstruflunum eða rafmagnsleysi, truflunum í heimilda- og uppgjörskerfi, símkerfi eða öðrum boðleiðum, eða öðrum sambærilegum atvikum.

Bankinn ber ekki ábyrgð á óþægindum, kostnaði, missi fjárfestingartækifæra eða öðru fjártjóni, beinu eða óbeinu, sem stafar af lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á starfsemi bankans. Ef atburðir sem færðir verða undir óviðráðanleg atvik standa samfleytt lengur en í 14 daga er hvorum aðila um sig heimilt að segja samningi upp án fyrirvara.

22. Gildistími, uppsögn og lok samnings

Samningur milli bankans og söluaðila tekur gildi við undirritun eða frá þeim tíma sem söluaðili byrjar að senda færslur til færsluhirðingar, hvort sem gerist fyrr. Samningurinn gildir þar til honum er sagt upp eða honum er rift í samræmi við ákvæði skilmála þessara.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn (1) mánuður frá því að skrifleg tilkynning um uppsögn berst móttakanda. Samningurinn heldur gildi sínu og eru réttindi og skyldur aðila óbreytt á uppsagnarfresti. Bankinn hefur þó rétt til þess að falla frá samningi með tilkynningu til söluaðila, án þess að tilgreina ástæðu að liðnum 14 dögum frá því að samningur var undirritaður ef söluaðili er ekki byrjaður að senda færslur til færsluhirðingar.

Eftir lok samnings eru aðilar áfram bundnir af ákvæðum samningsins að því er varðar persónuvernd, trúnaðarskyldu og öryggi kortaupplýsinga, geymslu færslukvittana, uppgjöri, endurkröfum sem og öðrum ákvæðum sem eðli máls samkvæmt ættu samkvæmt túlkun að halda gildi sínu.

23. Lög, varnarþing, úrlausn ágreinings og annað

Samningur þessi er á íslensku og um hann gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur um framkvæmd samningsins ber aðilum að leitast við að leysa úr ágreiningi sín á milli. Takist ekki að leysa úr ágreiningi skal mál höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Söluaðili getur beint kvörtunum vegna viðskipta í tengslum við samning þennan til Landsbankans á tölvupóstfangið landsbankinn@landsbankinn.is.

Söluaðila er heimilt að leita til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki vegna ágreinings við bankann (málskot) að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði þar að lútandi, sem koma fram í samþykktum nefndarinnar. Heimilisfang nefndarinnar er Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík. Vefsetur nefndarinnar er <https://nefndir.is/fjarmala/>. Rísi mál vegna brota á skilmálum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir gilda frá og með 11. janúar 2023.